



Ársreikningur 2021

Greinargerð

Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2021, að öðru leyti er vísað til ágættra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningur samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og samantekin A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóðs. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf, og hlutdeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar í Eyvindarstaðaheiði ehf.


Rekstur

Rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu á árinu **6.702 millj. króna** af samstæðunni í heild, A- og B-hluta. Þar af voru rekstrartekjur A-hluta **5.697 millj. króna**. Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **6.580 millj. króna**, þ.a. A-hluta **5.777 millj. króna**. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **122 millj. króna**, þar af er rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði neikvæð um **81 millj. króna**. Afskriftir eru samtals **249 millj. króna**, þar af **152 millj. króna** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals **351 millj. króna**, þ.a. eru **279 millj. króna** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2021 er neikvæð um **356 millj. króna** en rekstrarniðurstaða A hluta er neikvæð um **417 millj. króna**.

Taka ber fram í þessu sambandi að stóra breytingin í rekstri og ársreikningi Sveitarfélagsins Skagafjarðar á árinu 2021 eru breyttar forsendur við útreikning á lífeyrisskuldbindingu sem kynntar voru á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins 22. desember sl., að fengnum tillögum Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga. Þessar breytingar hafa miklar hækkanir í för með sér fyrir flest sveitarfélög landsins og er Sveitarfélagið Skagafjörður engin undantekning þar á en hækkun lífeyrisskuldbindinga fyrir samstæðuna nemur 456 millj. kr. og 419 millj. kr. hjá A-hluta. Forsendur þessara breytinga ráðuneytisins eru hækkun launavísitölu sem Hagstofan reiknar, breyttar forsendur um lífaldur og hækkandi hlutur launagreiðanda í lífeyrisgreiðslum. Ef þessar breyttu reglur hefðu ekki komið til í lok síðasta árs og lífeyrisskuldbindingar hefðu verið í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2021 hefði rekstrarniðurstaðan verið jákvæð um 10 millj. kr. hjá A- og B-hluta en neikvæð um 76 millj. kr. hjá A-hlutanum. Annar mikilvægur málaflokkur sem sveitarfélögin sinna eru málefni fatlaðs fólks sem þau tóku við þjónustu af frá ríkinu árið 2011. Ríkið veitti þá ákveðna tekjustofna, auk þess sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru ætluð til að standa straum af rekstri þjónustunnar. Raunstaðan er sú að þetta er fjarri lagi. Sveitarfélagið Skagafjörður varð þannig að taka á sig 151 millj. kr. af rekstrarkostnaði umfram tekjustofna og framlög á síðasta ári sem hefur einnig mikil áhrif á ársreikning ársins 2021. Er þar um að ræða aukningu á halla málaflokksins um 127 millj. kr. á milli ára. Halli málaflokksins hjá sveitarfélögum landsins nam líklega um 13-14 milljörðum króna á síðasta ári og ljóst að ríkið þarf að taka



hraustlega á fjármögnun málaflokksins eigi ekki illa að fara hjá sveitarfélögunum eða viðkvæmum notendum þjónustunnar.



Efnahagur


Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar A- og B-hluta voru í árslok samtals **11.683 millj. króna**, þ.a. voru eignir A hluta **9.336 millj. króna**. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2021 samtals **8.584 millj. króna**, þ.a. hjá A-hluta **7.704 millj. króna**. Langtímaskuldir námu alls **5.416 millj. króna** hjá A- og B-hluta auk **540 millj. króna** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **3.099 millj. króna** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall **26,5%**. Af þessari tölu nam eigið fé A-hluta **1.631 millj. króna** og eiginfjárhlutfall **17,5%**. Lífeyrisskuldbindingar nema **1.611 millj. króna** í árslok og hækkuðu á árinu um **456 millj. króna** nettó vegna hækkunar launa ásamt breyttum forsendum um væntan lífaldur þeirra sem frá greiddan lífeyri, skv. nýrri reglugerð sem sett var undir lok síðasta árs.

Sjóðstreymisýfirlit

Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam **458 millj. króna**, þar af er veltufé frá rekstri A-hluta **255 millj. króna**. Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta er **538 millj. króna**. Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2021, **786 millj. króna**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **834 millj. króna**. Afborganir og skuldbreytingar langtímalána á árinu 2021 eru **919 millj. króna**, handbært fé nam **365 millj. króna** í árslok. Tekin voru ný langtímalán að fjárhæð **1.318 millj. króna**.



Veltufé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Skagafirði 2002-2021 í þúsundum króna



Rekstrartekjur

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla (Tafla 1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2010-2021 og hlutfallslega breytingu milli árána 2020-2021.

Tafla 1	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	Br. %
Rekstrartekjur	3162	3298	3548	3902	3933	4316	4917	5196	5506	5977	6321	6702	6,0%
Rekstrargjöld	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4847	-4984	-5483	-5978	-6829	14,2%
Fjármagnsliðir	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-257	-203	-292	-262	-295	-351	19,0%
	-2	-274	14	334	83	-66	157	146	230	232	48	-478	
Óreglul. tekjur -(gjöld)	-13	4	3	-20	44	-31	95	-1	11	-1	-2	122	
Rekstrarhagnaður -(gjöld)	-15	-270	17	314	127	-97	252	145	241	231	46	-356	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstrartekjur hækka um 6% á milli ára hjá samstæðunni en rekstrargjöld hækka á sama tíma um 14,2%. Þar munar mestu um hina óvæntu hækkun lífeyrisskuldbindinga í kjölfar reglugerðarbreytingar en ef hækkunin hefði verið í samræmi við áætlun hefðu rekstrargjöld hækkað um 8,1%. Fjármagnsliðir hækka um 19% en þar er aðalskýringin allnokkur hækkun á verðbólgu á árinu 2021.

Rekstrarkostnaður

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A- og B-hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **3.915 millj. króna** á árinu eða sem nemur um **58,4%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Hækkaði þetta hlutfall þannig skarpt á milli árána 2020 og 2021 eða um 1,9 prósentustig sem er þó eilítið lægra en var á milli árána 2019 og 2020. Sambærilegar tölur



fyrir A-hluta eru að laun og launatengdur kostnaður var um **3.696 millj. króna** eða **64,9%** af heildartekjum A-hluta. Hefur það hlutfall ekki verið hærra síðan árið 2017 en það ár var hlutfallið tæp 65% sem skýrist af einskisþis uppgjöri við lífeyrissjóðinn Brú.

Hér að neðan er samanburður á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2010-2021 hjá samstæðunni.

Tafla 2	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Rekstrartekjur	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196	5.506	5.977	6.321	6.702
Laun og launat. gjöld	1.820	1.901	1.968	1.978	2.108	2.401	2.691	3.046	3.022	3.244	3.569	3.915
Hlutfall af tekjum	57,6%	57,6%	55,5%	50,7%	53,6%	55,6%	54,7%	58,6%	54,9%	54,3%	56,5%	58,4%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A-hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim almenna ramma sem sveitarfélögum er sniðinn lögum samkvæmt.

Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 24 á bls. 28 í ársreikningi ársins 2021. Í töflunni er sýndur samanburður tíu ára, 2012-2021. Kostnaður við útgjaldastærsta málaflokkinn, fræðslu- og uppeldismálin, fer hækkandi sem hlutfall af skatttekjum á milli árunum 2020 og 2021. Hlutfallið hefur sveiflast aðeins á undanförunum árunum. Á árunum 2012-2017 var það oft frá um 49-60% en hefur síðan lækkað þar til sl. 2 ár þegar það hækkað eilítið á ný. Mikil hlutfallsleg lækkun á milli árunum 2015 og 2016 skýrist að hluta til vegna þess að tekjur vegna málefna fatlaðs fólks voru þá færðar sem skatttekjur en voru áður færðar sem aðrar tekjur. Launakostnaður félagsþjónustu jókst einnig á árinu 2016 vegna yfirtöku Sveitarfélagsins Skagafjarðar á málefnum fatlaðs fólks á því ári (leiðandi sveitarfélag). Síðan 2016 hefur hlutur félagsþjónustu farið vaxandi sem hlutfall af skatttekjum en hlutfallið er nú óbreytt á milli árunum 2020 og 2021. Eilítil hlutallsleg hækkun er á milli ára í málaflokkum brunamála og almannavarna, umhverfismálum, sameiginlegum kostnaði og fjármunatekjum og fjármunagjöldum. Aðrir málaflokkar standa hlutfallslega í stað eða lækka aðeins á milli ára. Enn á þó eftir að nefna mikla hlutfallslega hækkun lífeyrisskuldbindinga sem fer úr 2,2% árið 2020 í 8,7% árið 2021.

Á síðustu árunum hefur verið reynt að gæta aðhaldssemi í rekstri sveitarfélagsins og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum samhliða því sem lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins. Árið 2020 var afar óvenjulegt sökum Covid-19 heimsfaraldursins sem hafði allveruleg áhrif á marga málaflokka en faraldurinn hafði jafnframt nokkur áhrif á rekstur ársins 2021, þótt ekki gætu þau talist veruleg.

Sem kunnugt er var sveitarfélögum landsins tímabundið veitt heimild til að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga til ársins 2025 vegna kórónaveirufaraldursins. Þótt ársreikningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2021 endurspeglar mjög af mikilli hækkun lífeyrisskuldbindinga, sem við ættum ekki að þurfa að horfa upp á aftur með viðlíka hætti á næstu árunum, er því nauðsynlegt að gæta skynsamlegs aðhalds í sjálfum rekstri sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að ná ekki aðeins góðri rekstrarniðurstöðu í samstæðunni í heild sinni heldur einnig



jafnvægi í rekstri A-hlutans. Með því er unnt að skapa áfram tækifæri til nauðsynlegra fjárfestinga í innviðum og viðhaldi, án þess að skuldsetning sé aukin.

Tafla 3

Aðalsjóður	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%	2021	%
Skatttekjur	2.358		2.561		2.610		2.807		3.554		3.758		3.969		4.381		4.581		4.790	
Félagsþjónusta	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%	657	18,5%	674	17,9%	742	18,7%	873	19,9%	963	21,0%	1.004	21,0%
Heilbrigðismál	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%	7	0,2%	8	0,2%	8	0,2%	9	0,2%	9	0,2%	9	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%	1.732	48,7%	1.843	49,0%	1.865	47,0%	1.951	44,5%	2.114	46,1%	2.281	47,6%
Meningarmál	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%	146	4,1%	163	4,3%	155	3,9%	171	3,9%	214	4,7%	186	3,9%
Æskulýðs- og íþróttamál	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%	329	9,3%	351	9,3%	366	9,2%	422	9,6%	501	10,9%	519	10,8%
Brunamál og almannavarnir	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%	66	1,9%	63	1,7%	71	1,8%	82	1,9%	75	1,6%	84	1,8%
Hreinlætismál	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%	40	1,1%	40	1,1%	47	1,2%	53	1,2%	61	1,3%	60	1,3%
Skipulags- og byggingarmál	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%	43	1,2%	45	1,2%	61	1,5%	60	1,4%	88	1,9%	58	1,2%
Umferðar- og samgöngumál	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%	84	2,4%	77	2,0%	93	2,3%	132	3,0%	154	3,4%	158	3,3%
Umhverfismál	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%	72	2,0%	72	1,9%	83	2,1%	85	1,9%	99	2,2%	136	2,8%
Atvinnumál	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%	78	2,2%	67	1,8%	60	1,5%	77	1,8%	89	1,9%	84	1,8%
Sameiginlegur kostnaður	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%	231	6,5%	246	6,5%	263	6,6%	284	6,5%	267	5,8%	302	6,3%
Lífeyrisskuldbinding	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%	129	3,6%	249	6,6%	68	1,7%	108	2,5%	101	2,2%	419	8,7%
Fjármunatekjur -(gjöld)	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%	12	0,3%	14	0,4%	55	1,4%	44	1,0%	30	0,6%	39	0,8%
Aðalsjóður samtals	-139		-16		183		257		48		126		-142		-118		125		472	
Eignasjóður og þjón.st	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%	91	2,6%	127	3,4%	-50	-1,3%	-3	-0,1%	34	0,7%	55	1,1%
Þjónustustöð	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	47	1,7%		0,0%		0,0%		0,0%		0,0%		0,0%		0,0%
A-hluti - samtals	-79		11		-47		-176		43		1		92		115		-91		-417	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður sést glögglega að flestir málaflokkar hafa staðist fjárhagsáætlun nokkuð vel. Hjá Aðalsjóði má þannig sjá að stærstu málaflokkarnir, fræðslu- og uppeldismál og félagsþjónusta, eru með fremur lítil hlutfallsleg frávik. Lífeyrisskuldbindingar fara hlutfallslega mest fram úr áætlun og þar á eftir koma skipulags- og byggingarmál, umhverfismál og umferðar- og öryggismál. Aðrir málaflokkar aðalsjóðs eru ýmist mjög nærri áætlun eða nokkuð undir henni. Þá voru skatttekjur nokkuð umfram áætlun eða sem nemur 72 m.kr.

B-hluta stofnanir voru flestar þökkalega reknar og heildarafkoman jákvæð um 61 m.kr. Munar þar mestu um að tekjur voru umfram áætlun hjá hafnarsjóði og að þökkaleg afkoma var hjá fráveitu og vatnsveitu. Afkoman var hins vegar neikvæð hjá hitaveitu og félagslegum íbúðum og umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir.

Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla (Tafla 4) heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.



Tafla 4


Samanburður	Áætlun 2021 með			
	Ársreikningur	viðaukum	Mismunur	%
Aðalsjóður				
Skatttekjur	4.790	4.718	72	1,5%
Félagsþjónusta	1.004	1.015	-11	-1,1%
Heilbrigðismál	9	9	0	0,0%
Fræðslu-og uppeldismál	2.281	2.299	-18	-0,8%
Menningarmál	186	200	-14	-7,0%
Æskulýðs-og íþróttamál	519	510	9	1,8%
Brunamál og almannavarnir	84	97	-13	-13,4%
Hreinlætismál	60	69	-9	-13,0%
Skipulags-og byggingarmál	58	51	7	13,7%
Umferðar-og öryggismál	158	153	5	3,3%
Umhverfismál	136	132	4	3,0%
Atvinnumál	84	94	-10	-10,6%
Sameiginlegur kostnaður	303	301	2	0,7%
Lífeyrisskuldbinding	419	78	341	437,2%
Fjármunatekjur -(gjöld)	39	28	11	39,3%
Aðalsjóður samtals	-472	-262	-210	80,2%
A-hluta stofnanir				
Eignasjóður og þjón.stöð	55	39	16	41,0%
A-hluti - sveitarsjóður samtals	-417	-223	-194	
B-hluta stofnanir				
Hafnarsjóður	49	45	4	
Vatnsveita	25	27	-2	
Sjóveita	-1	-2	1	
Hitaveita	-46	-34	-12	
Fráveita	46	59	-13	
Félagslegar íbúðir	-11	5	-16	
Tímatákn ehf	-1	0	-1	
Eyvindarstaðaheiði ehf	0	0	0	
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	
B-hluta stofnanir samtals	61	100	-39	-39,0%
A og B-hluti samtals	-356	-123	-233	189,4%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall og skuldaviðmið

Í sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“.

Einnig segir í 64. gr. sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga, skuldauppgjör við Brú lífeyrisjóð, auk veltufjármuna sem er ákvæði sem tók gildi árið 2018 (458/2018). Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldaviðmið 96,9% á árinu 2021 hjá samstæðunni, þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum og veltufjármuni eins og heimilað er. Séu þessi þættir ekki dregnir frá er skuldahlutfallið 128,1% hjá samstæðunni.



Samantekt

Ársreikningur ársins 2021 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Heilt yfir er rekstur sveitarfélagsins í ágætu jafnvægi en tveir þættir hafa mikið um endanlega afkomu að segja, þættir sem erfitt er fyrir kjörna fulltrúa eða starfsmenn að eiga við. Langstærsti þátturinn er, eins og áður hefur verið komið að, gríðarleg hækkun á lífeyrisskuldbindingum í kjölfar nýrrar reglugerðar sem staðfest var skömmu fyrir jól. Hinn þátturinn er rekstur málaflokks fatlaðs fólks en sem kunnugt er vantar inn í þann málaflokk framlög frá ríkinu upp á vel á annan tug milljarða króna á landsvísu og hefur það mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga landsins. Án sviptinga í þessum málaflokkum hefði rekstur bæði A-hluta og samstæðunnar í heild verið jákvæður sem segir okkur að almennur rekstur sveitarfélagsins er í ágætum horfum.

Að lokum vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í almennum rekstri sveitarfélagsins og veitingu þjónustu við krefjandi aðstæður og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 4. maí 2022

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri